



Fósturlát snemma á meðgöngu

Lyfjameðferð

Þegar fósturlát verður snemma á meðgöngu er notað lyf sem heitir Cytotec (misoprostol). Settar eru fjórar töflur af lyfinu eins hátt í leggöng og hægt er. Stundum er gefið lyf sem heitir Mifegyn og er tekið um munn 24 klst. áður en Cytotec er notað. Ráðlagt er að byrja meðferðina snemma dags svo nóttin verði ekki svefnlaus. Lyfið veldur samdráttum í leginu og mýkir leghálsinn. Það veldur verkjum og kemur af stað blæðingu.

Helstu aukaverkanir lyfjameðferðar eru veikindatilfinning, vægur hiti (lægri en 38°C), ógleði og niðurgangur. Aukaverkanir ganga oftast yfir á 12 klukkustundum. Ráðlagt er að hafa einhvern fullorðinn hjá sér á meðferðardaginn.

Verkjalýf

- Mælt er með íbúprófeni og parasetamóli til verkjastillingar ef ekki er frábending fyrir notkun.
- Hámarksskammtar af íbúprófeni eru 400 mg fjórum sinnum á sólarhring og parasetamóli eru 1 g þrisvar til fjórum sinnum á sólarhring. Ráðlagt er að taka verkjalyfin um leið og Cytotec töflurnar eru settar upp til að fyrirbyggja verki.

Blæðing

- Blæðing hefst oftast 3–4 klukkustundum eftir Cytotec lyfjagjöf en það getur orðið bið á blæðingu í allt að fjóra daga.
- Magn blæðingar er einstaklingsbundin og það er eðlilegt að fá ríkulegar blæðingar með blóðlifrum.
- Eftir að blæðing hefst er gott að vera á hreyfingu og röltu um heima a.m.k. tvisvar á klukkustund. Gæta þarf þess að drekka vel af vökva.

Eftirfylgd eftir meðferð

Í viðtali við hjúkrunarfræðing í upphafi meðferðar er afhentur spurningalisti og leiðbeiningar um eftirfylgd meðferðar. Listinn er fylltur út fimm vikum eftir meðferð og þungunarpróf tekið. Ef einhverjum spurningum er svarað neitandi er haft samband í síma 543 3224 á dagvinnutíma og bókaður tími í skoðun.

Ráðleggingar eftir meðferð

- Ráðlagt er að vera undirbúin, kaupa verkjalyf og stór bindi til að eiga þegar þörf er á.
- Meðan blæðing er í hámarki er ráðlagt að vera heima, oft fyrsta sólarhringinn.
- Fara má í sturtu en ekki baðkar, sund eða heitan pott meðan blæði. Eðlilegt er að blæði í 2-3 vikur.
- Eingöngu má nota bindi en ekki túrtappa eða álfabikar meðan blæðing varir.
- Forðast þarf samfarir meðan blæðir.
- Vægir túrverkir eru algengir fyrstu 1-2 vikurnar eftir lyfjameðferð.
- Næstu eðlilegu tíðablæðingar ættu að hefjast eftir 4-6 vikur og geta þær orðið ríkulegri en vanalega.

Hafa þarf samband við bráðþjónustu kvenlækninga ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærilegt) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart.
- Verkir svara ekki verkjalyfjum eða minnka ekki þrátt fyrir að blæðing sé hætt.
- Hiti er hærri en 38°C.

Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt bráðþjónustu kvennadeildar.

Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.

Símanúmer

- Móttaka kvenlækningadeildar 21AM er opin virka daga kl. 08:00-16:00 543 3224.
- Skiptiborð Landspítala (símavakt bráðaðþjónustu kvennadeilda) 543 1000